

Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá forsætisráðuneyti, félags- og vinnumálamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Þessi skýrsla er áttunda skýrsla nefndarinnar og markmið hennar eins og fyrri skýrslna að fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Sérfræðingur nefndarinnar er Arnaldur Sölvi Kristjánsson. Nefndin fjallar um gögn sem liggja til grundvallar kjarasamningagerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnumarkaði. Nefndin tekur engan beinan þátt í kjarasamningum og breytir ekki hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa. Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti.

Að þessu sinni skiptist skýrslan í fimm meginkafla sem fjalla um efnahagsmál, vinnumarkað, launaþróun og launastig sem flokkað er eftir mörkuðum og heildarsamtökum launafólks, kjarasamninga gerða í nýliðinni kjarasamningslotu, auk sérstakrar umfjöllunar um heildarsamtök launafólks eftir mörkuðum. Í skýrslunni er áhersla lögð á nýliðna kjarasamningslotu og miðað við að hún hafi náð til tímabilsins frá nóvember 2022 til janúar 2024. Ítarlegt talnaefni um laun og launaþróun má finna í gagnasafni á vef kjaratölfræðinefndar, <https://www.ktn.is/gagnasafn-og-fleira>.

Kjaratölfræðinefnd vinnur náið með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað gott samstarf við undirbúning skýrslunnar. Enn fremur er Gísli M. Gíslasyni Hagstofu Íslands þökkuð aðkoma að gerð skýrslu í fjarveru Hildar Ernu Sigurðardóttur. Sérstakar þakkir fær Henný Hinz sem vann að gerð skýrslunnar sem fulltrúi forsætisráðuneytis en Konráð S. Guðjónsson tók hennar sæti í byrjun júní sl.